



2. fundur stjórnar AP, starfsárið 2009-2010

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 7. september 2009 kl.13:00

Mættir: Aðalsteinn Á. Baldursson, Gunnólfur Lárusson, Margrét Bjarnadóttir, Pétur Snæbjörnsson, og Sigurgeir Höskuldsson. Einnig sátu fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri og Ari Páll Pálsson starfsmaður félagsins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Sigurgeir Höskuldsson setti fund, bauð nýjan stjórnarmann sérstaklega velkominn, lýsti ánægju með nýja og bættu fundaaðstöðu og fór yfir dagskrá fundarins.

1. Verkefni í vinnslu

Framkvæmdastjóri gerði all ítarlega grein fyrir þeim verkefnum sem félagið hefur verið að vinna í að undanfögnu.

2. Vaxtarsamningur

a. Fjármögnun og rekstur

Framkvæmdastjóri fór yfir endurskoðaða rekstraráætlun samningsins eins og hún stendur nú og greindi frá stöðu og horfum. Auglýst hefur verið eftir umsóknum til VAXNA 2009 og ákvað stjórnin að halda sérstakan fund um úthlutun. Dagsetning verður ákveðin síðar.

b. Klasatorg á Selfossi

Framkvæmdastjóri kynnti dagskrá fyrir Klasatorg sem haldið verður á Selfossi 24. september nk. Ákveðið var að formaður stjórnar sækji fundinn ásamt framkvæmdastjóra.

3. Ráðstöfun fjármuna Kísilgúrsjóðs

Farið var yfir eignir fyrrum Kísilgúrsjóðs og fyrirleggjandi samning um ráðstöfun þeirra. Samþykkt var að kanna möguleika á því að losa um hlutabréfaeign. Í framhaldi af því var rætt um hvernig peningalegum eignum skuli ráðstafað.

4. Samstarf við IMPRU

Framkvæmdastjóri fór yfir samstarf við IMPRU hjá Nýsköpunarmiðstöð sem opnaði starfstöð á Húsavík í maí 2009. Stjórnarmenn lýstu ánægju með tilkomu starfsstöðvarinnar. Starfsemi stöðvarinnar hefur þó farið rólega af stað og því var samþykkt að framkvæmdastjóri óski eftir fundi með stjórnendum Impru til að ræða um starfsemina og tilhögun samstarfs við Atvinnuþróunarfélagið.

5. Rekstrar- og efnahagsstaða félagsins

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna og stjórnin ræddi hvaða möguleikar eru í núverandi stöðu til að létta á rekstri félagsins. Fundarmenn voru sammála um að æskilegt sé að breyta fyrirkomulagi á útgáfu- og kynningarmálum eins og áður hefur verið rætt. Samþykkt var að þessi mál verði tekin fyrir nánar á haustdögum.

6. Önnur mál

Framkvæmdastjóri greindi frá NORA ráðstefnu um byggðapróun sem haldin verður í Alta í Noregi 20. - 21. október og lýsti áhuga á því að sækja hana að því tilskyldu að ferðastyrkur sem NORA býður þátttakendum fái. Stjórnin samþykkir að framkvæmdastjóri sækji ráðstefnuna á þessum forsendum.

Engin önnur mál borin upp.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 15:55